

Act Alone, Eistnaflug og Skaftfell tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2013

Eyrarrósinn, viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar, verður veitt í níunda sinn þriðjudaginn 12. mars næstkomandi. Í ár verður verðlaunaafhendingin í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri, og mun á næstu árum fara fram í öllum landshlutum. Aldrei hafa fleiri verkefni sótt um, eða alls 39 talsins.

Þau verkefni sem hljóta tilnefningu til Eyrarrósarinnar í ár eru: **Einleikjahátíðin Act Alone á Vestfjörðum, þungarokkshátíðin Eistnaflug á Neskaupsstað og Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi**. Handhafi Eyrarrósarinnar hlýtur 1.650.000 krónur og flugferðir frá Flugfélagi Íslands. Aðrir tilnefndir hljóta 300 þúsund krónur auk flugferða. **Eyrarrósinn** beinir sjónum að og hvetur til menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar á sviði menningar og lista. Að verðlaununum standa **Byggðastofnun, Flugfélag Íslands og Listahátíð í Reykjavík**. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarpar samkomuna og Dorrit Moussaieff forsetafrú, verndari Eyrarrósarinnar, afhendir verðlaunin.

Act Alone

Leiklistarhátíðin Act Alone er haldin árlega á Vestfjörðum yfir sumartímamann og fagnar í ár tíu ára afmæli sínu. Sérstaða Act Alone felst í því að hún er meðal fárra leiklistarhátíða í heiminum sem helgar sig einleiknum og einnig hefur hún aukið aðgengi almennings að þessu sérstaka leikhúsforni með því að hafa ókeypis á allar sýningar. Act Alone verður á Suðureyri 9. – 12. ágúst 2013 og nánari upplýsingar um hátíðina má finna á www.actalone.net.



Eistnaflug

Hin árlega þungarokkshátíð Eistnaflug á Neskaupsstað er þýðingarmikill vettvangur þungarokkstónlistar á Íslandi. Eitt af aðalmerkjum Eistnaflugs er sú einstaka stemmning sem myndast í bænum á meðan hátíðinni stendur og sá velvilji og samstaða sem ríkir um framkvæmd hennar meðal gesta, tónlistarfólks og heimamanna. Eistnaflug 2013 verður dagana 11. – 13. júlí og nú þegar er búið að tilkynna um fjölda hljómsveita á www.eistnaflug.is.



Skaftfell

Skaftfell – miðstöð myndlistar á Austurlandi er í sögufrægu húsi í gamla bænum á Seyðisfirði. Kraftmikil og metnaðarfull starfsemi með skýra listræna sýn einkennir Skaftfell og með nánú samstarfi við bæjarbúa hefur orðið til á Seyðisfirði lifandi samfélag listamanna, heimamanna og gesta. Skaftfell er opið allan ársins hring og nánari upplýsingar um fjölbreytt starfið má finna á www.skaftfell.is.



Handhafar Eyrarrósarinnar frá árinu 2005 eru Safnasafnið á Svalbarðsströnd, tónlistarhátíðin Bræðslan, Landnámssetrið í Borgarnesi, Sumartónleikar í Skálholtskirkju, rokkhátíðin Aldrei fór ég suður, Strandagaldur á Hólmavík, LungA, listahátíð ungs fólks á Austurlandi og Þjóðlagahátíðin á Siglufirði.

Nánari upplýsingar veitir Steinunn Þórhallsdóttir, kynningarstjóri Listahátíðar í Reykjavík, s. 862-3242. Aðstandendur tilnefnda verkefna 2013

Listahátíð
í Reykjavík



Eyrarrósinn

Fréttatilkynning 4. mars 2013 17:00

eru: Act Alone: Elfar Logi Hannesson s. 891-7025, Eistnaflug – Stefán Magnússon s. 895-6379, Skaffell – Tinna Guðmundsdóttir s. 695-6563.

